

<i>Titill:</i>	Notendahópur um verðvísitölur
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	11. fundur, haldinn 4. nóvember 2011 á Hagstofu Íslands
<i>Fundarmenn:</i>	Margrét Sæmundsdóttir Efnahags og viðskiptaráðuneyti, Helgi Tómasson HÍ, Kári Joensen Bifröst, Karen Vignisdóttir Seðlabanks Íslands.
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Rósmundur Guðnason, Guðrún R. Jónsdóttir, Finnbogi Gunnarsson, Heiðrún Guðmundsdóttir, Lára G. Jónasdóttir, Stefán Logi Sigurþórsson, Snorri Gunnarsson, Víkingur Guðmundsson, Marinó Melsted

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Áhrif þess að nota mismunandi vogir við útreikning vísitölu neysluverðs. Kynnt verður ný athugun Hagstofu Íslands.
2. Landbúnaðartölfræði, nýtt verkefni á Hagstofu.
3. Önnur mál

Fundarmenn voru boðnir velkomnir. Breyting var gerð á lið 2 í boðaðri dagskrá fundarins. Yfirskrift þess liðar verður „Endurbætur á tölfræði Hagstofunnar“

1. Áhrif af mismunandi útgjaldavogum í vísitölu neysluverðs. Kynntar voru fyrstu niðurstöður úr athugun Hagstofu á áhrifum þess að nota mismunandi vogir við útreikninginn. Á fundinum var dreift nýju hefti Hagtíðinda (kom út kl. 9.00, 4. nóvember) þar sem m.a. er fjallað um þessa athugun. Birt vísitala var annars vegar borin saman við vísitölu þar sem vogir eins árs samkvæmt útgjaldarannsókn voru notaðar; hins vegar var hún borin saman við Fisher-vísitölu þar sem notaðar voru vogir tveggja ára. Árin 2001-2009 reyndist lítill munur á ársbreytingum eða að meðaltali $\pm 0,01\%$, eftir því hvor samanburðar-vísitalan var notuð.
2. Endurbætur á tölfræði Hagstofunnar. Kynntar voru margvíslegar endurbætur á tölfræði um efnahagsmál sem unnið verður að á árunum 2012 – 2015. Má þar nefna landbúnaðartölfræði, þjóðhagsreikninga og fyrirtækjatölfræði auk nýrrar tölfræði um skuldir heimila og fyrirtækja.
3. Önnur mál: Engin

Fylgiskjöl, glærukyningar frá fundinum:

1. Áhrif af mismunandi útgjaldavogum í vísitölu neysluverðs.
2. Endurbætur á tölfræði Hagstofunnar.

Fyrirhugaðir fundir 2012: Fimmtudagur 31. maí og föstudagur 2. nóvember.